

Aðalfundur Flóakorns ehf.

Aðalfundur Flóakorn ehf. verður haldinn í Félagslund, miðvikudaginn 1. apríl kl. 20:30.

Dagskrá fundarins verða venjuleg aðalfundarstörf, meðal annars verður rætt um þurrkun á korni. Á fundinn mætir Kristján Bj. Jónsson með erindi um kornrækt.

Stjórnin.

Dagskrá mánaðarins

Aðalfundur Flóakorns ehf.	1. apríl
Íþróttæfing yngri	1. apríl
Árshátíð Flóaskóla	2. apríl
Glímuæfing	6. apríl
Aðalfundur Nf. Flóamanna	7. apríl
Páskafundur-Bingó Samhygðar	7. apríl
Stofnfundur Smalahundafélags Árn.	7. apríl
Láta vita um þátttöku á Fjör í Flóa	8. apríl
Guðþjónusta í Laugardælakirkju	9. apríl
Páskabingó Umf. Vöku	11. apríl
Guðþjónusta í Villingaholtskirkju	12. apríl
Guðþjónusta í Hraungerðiskirkju	13. apríl
Íþróttæfing eldri	14. apríl
Íþróttæfing yngri	15. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingah.hr	15. apríl
Aðalfundur Skógræktarfélag Villingah.hr.	16. apríl
Aðalfundur Skóræktardeildar Samhygðar	17. apríl
Grunnskólámót Íslands í glímu	18. apríl
Glímuæfing	20. apríl
Íþróttæfing eldri	21. apríl
Íþróttæfing yngri	22. apríl
Víðavangshlaup Umf. Vöku	23. apríl
Hestamannakaffi Umf. Baldurs	23. apríl
Hart í bak	23. apríl
Sækja um unglíngavinnu	24. apríl
Bikarglíma Samhygðar	27. apríl
Íþróttæfing eldri	28. apríl
Íþróttæfing yngri	29. apríl
Þingborgarmótið	1. maí

Áveitan

4. tbl. 3. árgangur. Apríl 2009.

Þingborgarmót

Hið árlega Þingborgarmót fer nú að nálgast þar sem Umf. Baldur, Umf. Skeiðamanna, Umf. Samhygð og Umf. Vaka keppa. Mótið er fyrir krakka sem eru 16 ára og yngri og er keppt í aldursflokkum. Mótið verður haldið í Þingborg þann 1. maí og hefst stundvíslega kl. 13:00. Ágætt væri að mæta örlítið fyrr og hita vel upp fyrir þetta skemmtilega mót.

Fjölmennið krakkar og munið að skráning er á staðnum.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@visir.is

Frá sveitarstjóra

Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í sveitarfélaginu vegna aukaheimsóknna að hausti. Gjaldskráin er sett í samræmi við lög nr. 103/2002 um búfjárhald ofl. og verður innheimt samkvæmt henni frá og með hausti 2009 hjá þeim aðilum sem ekki skila útfylltum haustskýrslum til búfjárefirlitsmanns.

Gjaldskráin er svohljóðandi:

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun skv. 11. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald ofl. skal miðast við að vera heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 7.836 með virðisaukaskatti. Innifalið er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald ofl. skal vera kr. 7.836 með virðisaukaskatti, fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og eftirlit á bæ ásamt akstri.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins hverju sinni.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hvert sinn.

5. gr.

Gjald skv. 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis m.v. 1. nóvember ár hvert. Vísitala október 2008 er 292,9.

Úrslit úr Flóahlaupi

31. Flóahlaup Umf. Samhygðar fór fram laugardaginn 28. mars. Hlaupið hófst kl. 14:00 og voru hlaupnar þrjár vegalengdir frá Félagslundi, 3, 5 og 10 km. Þrátt fyrir að það gengi á með snjókomu og byl mætti fólk til hlaupsins sem aldrei fyrir og var sett þátttökumet en alls hlupu 118 manns. Eftir að gengið hafði verið úr skugga um fullar heimtur á hlaupurum og mesti klakinn barinn af þeim gengu allir til kaffidrykkju að vanda. Að henni lokinni fór fram verðlaunaafhending. Helstu úrslit urðu eftirfarandi en heildarúrslit má nálgast á www.hlaup.is.

Heildarúrslit 3 km

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
1	14,45	Mekkin Daniélsdóttir	1995	Valur
2	15,02	Gestur Daniélsson	1998	Valur
3	15,07	Reynir Zoega	1999	Breiðablik

Heildarúrslit 5 km

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
1	22,26	Ágúst Geir Ágústsson	1972	Valur skokk
2	23,57	Alex Espersen	1990	Laugaskokk
3	25,10	Arnþór Tryggvason	1988	

Heildarúrslit 10 km

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
1	38,37	Birkir Marteinsson	1971	ÍR
2	38,57	Sigurður Hansen	1969	ÍR
3	39,05	Jóhann Gylfason	1964	Laugaskokk

Eftirtaldir styrktu hlaupið með vörum:

HP – Flatkökur
MS Selfossi
Nóatún

Eftirtaldir gáfu styrktarlínu:
Íslenska gámafélagið ehf.

Eftirtaldir gáfu verðlaun:

Byko

Fossdekk

Lögmenn Suðurlandi ehf.

Frískir Flóamenn

Flóahreppur

Tryggingamiðstöðin

Sundhöll Selfoss

Hart í bak

Kvenfélag Villingaholtshrepps ætlar að standa fyrir leikhúsfærð á sumardaginn fyrsta og fara í Þjóðleikhúsið að sjá „Hart í bak“ eftir Jökul Jakobsson. Sýningin byrjar klukkan 20:00. Allir eru velkomnir með. Þátttaka tilkynnist til Ellu Veigu í síma 486 3344 eða 616 2176 fyrir þriðjudaginn 14. apríl.

Aðalfundur Nf. Flóamanna

Aðalfundur Nautgripærktarfélag Flóamanna verður haldinn í Félagslundu þriðjudaginn 7. apríl kl. 13:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Guðmundur Jóhannesson ráðunautur hjá BSSL kemur og fjallar um uppgjör skýrsluhaldsins fyrir árið 2008 ofl. Áhugamenn um nautgripærkt, fjölmennum.

Stjórnin

Frá Umf. Samhygð

Páskafundur – Bingó!

Á þriðjudagskvöldið 7. apríl kl. 20:30 verður haldinn fundur í Ungmennafélaginu Samhygð á Félagslundarloftinu. Farið verður yfir starfið framundan og helstu áherslur í því kynntar. Síðan verður spilað páskabingó þar sem góðir vinningar eru í boði. Allir félagar velkomnir sem og nýliðar í félagið.

Bikarglíma Samhygðar

Fer fram í Félagslundu mánudagskvöldið 27. apríl og hefst hún kl. 20:00. Þetta er jafnframt lokahnykkurinn á glímustarfi vetrarins hjá Samhygð. Keppt er eldri og yngri flokk drengja og stúlkna. Foreldrar að annað áhugafólk er hvatt til að mæta og hvetja sitt fólk. Rétt er minna einnig á Grunnskólamót Íslands sem fer fram á Selfossi 18. apríl.

Af aðalfundi

Aðalfundur Samhygðar fór fram 12. febrúar sl. Farið var yfir starf félagsins 2008 og kynntir reikningar en félagið skilaði methagnaði. Góðar umræður um starfið voru á fundinum. Markús Ívarsson lét af gjaldkeraembætti á fundinum eftir 39 ára stjórnarsetu. Nýja stjórn skipa:

Stefán Geirsson formaður.
Hugrún Geirsdóttir gjaldkeri.
Margrét Valdimarsdóttir ritari.
Anný Ingimarsdóttir meðstjórnandi.
Jökull Baldursson meðstjórnandi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald ofl. nr. 103/2002 og tekur gildi við birtingu.

Byggðasamlag

Uppsveitir Árnassýslu og Flóahrepps hafa stofnað byggðasamlag um skipulags- og byggingarmál.

Samstarf hefur verið um málaflokkinn í nokkur ár en það hefur ekki verið skilgreint sem ákveðið form fram að þessu.

Hlutverk byggðasamlagsins er að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á svæðinu.

Sameiginleg skipulags- og byggingarnefnd fer með stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Uppsveita Árnassýslu og Flóa bs., fulltrúi Flóahrepps er Aðalsteinn Sveinsson.

Eitt af þeim verkefnum sem starfsmenn byggðasamlagsins mun annast nú á næstunni er að fara yfir skráningu fasteigna í Flóahreppi. Borin verða saman fasteignaskrá og þegar byggð mannvirki og þau hús skráð sem ekki eru í fasteignaskrá.

Deiliskipulag við Flóaskóla/Þjórsárver

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var rætt um deiliskipulagshugmyndir við Flóaskóla/Þjórsárver og samþykkt að óska eftir verðhugmyndum í deiliskipulag svæðisins sem er um það bil 5 ha að stærð.

Vegamál

Samkvæmt tölvupósti frá Vegagerðinni dags. 27. febrúar 2009 er talið ólíklegt að farið verði í framkvæmdir við Oddgeirshólaveg nr. 304 eins og samgönguáætlun 2007-2010 gerir ráð fyrir.

Framkvæmdum hefur nú þegar verið frestað einu sinni en upphaflega var gert ráð fyrir því að farið yrði í þær á árinu 2008.

Sveitarstjórn telur það óásættanlegt að ekki verði farið í fyrirhugaðar framkvæmdir og skorar á samgönguyfirvöld og framþjóðendur kjördæmisins að beita sér fyrir því að staðið verði við áformaða áætlun um framkvæmdir við Oddgeirshólaveg.

Vegbætur í sveitarfélaginu hafa alla tíð setið á hakanum þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir og ályktanir sveitarstjórnar og við það verður ekki unað.

Lýsing við Flóaveg að Laugardælaafleggjara

Óskað hefur verið eftir því við Vegagerðina að ljósastaurum við Flóaveg austan við Selfoss verði fjölgað.

Þar er mikil umferð gangandi fólks, hestafólks osfrv og alvarleg slys orðið eins og kunnugt er.

Unglingavinna

Auglýst er eftir unglingum fæddum 1993, 1994 og 1995 til vinnu í sumar við unglingavinna Flóahrepps.

Unglingavinnan verður starfrækt frá 8. júní til 17. júlí.

Unnið verður 4 daga vikunnar, mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9.00-16.00.

Tekið er á móti skráningum á skrifstofu sveitarfélagsins til 24. apríl n.k. í síma 480-4370 frá kl. 9.00-13.00.

Frá ritstjórn

Áveitan kemur nú í hendur ykkur, ágætu lesendur, í fyrsta sinni í sameiginlegri útgáfu Umf. Samhygðar, Umf. Vöku og Umf. Baldurs. Nú um mánaðarmótin mars/apríl eru liðin nákvæmlega 2 ár síðan að útgáfa Áveitunnar hófst á vegum Samhygðar og Vöku með fulltyngi Flóahrepps. Nú hefur Baldur bæst í hópinn og er það mikill liðstyrkur fyrir útgáfuna. Lesendur verða ekki varir við miklar breytingar á blaðinu að þessum sökum. Snið forsíðunnar breytist eilítið auk þess sem fréttir og auglýsingar frá Umf. Baldri verða fyrirferðameiri en áður. Fulltrúi Umf. Baldurs í ritstjórn Áveitunnar er Baldur Gauti Tryggvason en fyrir sitja í henni Fanney Ólafsdóttir fyrir Vöku og Stefán Geirsson fyrir Samhygð.

Áveitan kemur út mánaðarlega og er dreift inn á öll heimili í Flóahreppi og dreifbýli í Stokkseyrarhreppi auk þess sem hægt er að gerast áskrifandi ef fólk býr utan dreifingarsvæðisins, hvort sem er í gegnum tölvupóst eða hefðbundnar póstsendingar. Áveitan er einnig vistuð inn á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is. Öllum er frjálst nýta sér Áveituna til að birta auglýsingar og tilkynningar á vegum félagasamtaka eða einkaaðila. Pistillinn er skrifaður mánaðarlega og er rétt að minna á að allt dreifingarsvæði Áveitunnar er undir þegar kemur að því að skora á næsta pistlahöfund. Ritstjórn Áveitunnar hefur tekið til birtingar aðsendar greinar sem varða t.d. sögu eða hagsmunamál hreppsþúa en taka skal fram að Áveitan er ekki vettvangur fyrir pólitísk skoðannaskipti eða umkvörtunarpistla. Eins skal benda fólki á að hæfileg hámarks lengd pistlaskrifa eða innsendra greina er ein vélrituð síða A4, ca. 800 orð.

Frá og með þessu hefti Áveitunnar hefur göngu sína vísnaðalkur sem ber heitið Flóðgáttin. Frjálst er að senda inn vísur til birtingar og ekki er verra að þeim fylgi dálítil forsaga eða útskýring ef þess er þörf. Umsjónarmaður Flóðgáttarinnar er Stefán Geirsson og skulu vísur berast honum.



Stofnfundur

Smalahundadeildar Árnessýslu verður haldin á Hestakránni þriðjudagskvöldið 7. apríl kl. 20:30.

Allt áhugafólk um smalahunda hvatt til að mæta.

Áhugamenn

Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps

Folaldasýning var haldin í Halakoti 15. febrúar sl. og var þátttaka og aðsókn mjög góð. 23 folöld tóku þátt og talið er að um 80-90 manns hafi mætt til að fylgjast með. Jón Vilmundarson var dómari og gaf hann folöldunum stig fyrir yfirlínu, fætur, samræmi og hæfileika. Úrslit urðu sem hér segir:

1. Frami frá Brúnastöðum leirljós
F. Glóðafeykir frá Halakoti
M. Katla frá Brúnastöðum
Mf. Oddur frá Selfossi.
Eig/rækt: Ágúst Guðjónsson

2. Toppur frá Litlu-Reykjum bleikskjóttur
F. Hruni frá Breiðumörk
M. Hnyðja frá Litlu-Reykjum
Mf. Sómi frá Hjarðarbóli
Eig/rækt: Sigríður Gísladóttir

3. Hylli frá Brúnastöðum jörp
F. Tjörvi frá Sunnuhvoli
M. Þota frá Brúnastöðum
Mf. Galdur frá Sauðárkróki
Eig/rækt: Ágúst Ingi Ketilsson

Áhorfendur kusu svo álitlegasta folaldið en þar stóð Toppur frá Litlu-Reykjum efstur.

Stjórn Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps

Fréttir frá Umf. Vöku:

Sumardagurinn fyrsti

Viðavangshlaup Umf. Vöku verður haldið á Þjórsárbökkum á sumardaginn fyrsta, 23. apríl, og hefst kl. 13:30. Skráning fer fram á staðnum og er fólk beðið að athuga að fara **ekki af stað í hlaupið fyrr en það hefur skráð sig.**

Að hlaupi loknu er öllum viðstöddum boðið í Þjórsárver þar sem verður stutt skemmtidagskrá, veitt verða viðurkenningaskjöl fyrir hlaupið og ungmennafélagið býður í kaffi og meðlæti. Allir eru velkomnir að koma, taka þátt í hressandi hlaupi og fagna þessum fyrsta degi sumars.

Stjórn Umf. Vöku

Páskabingó

Skemmtinefnd Umf. Vöku stendur fyrir árlegu páskabingói félagsins í Þjórsárveri laugardaginn fyrir páska, 11. apríl, kl. 20:30. Bingóspjaldið kostar 500 kr. og spilað verður um mörg glæsileg og gómsæt páskaegg af ýmsum stærðum og gerðum. Allir velkomnir.

Skemmtinefndin

Héraðsþing HSK

Héraðsþing HSK fór fram á Hvolsvelli 28. febrúar sl. Fulltrúi Vöku var Haraldur Einarsson formaður. Á þinginu var Vökumaðurinn Jón Valgeir Geirsson valinn Starfsiþróttamaður HSK árið 2008 og veitti hann verðlaunum viðtöku á þinginu. Við óskum Jóni til hamingju með þennan góða árangur.

Aðalfundur

Búnaðarfélag Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri miðvikudaginn 15. apríl kl. 21:00. Venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreytingar. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Skógræktarfundur

Aðalfundur Skógræktarfélag Villingaholtshrepps verður haldinn að Vatnsenda 16. apríl nk. kl. 20:30. Almenn aðalfundarstörf. Hvetjum ykkur til að mæta kæra félagsfólk og nýir félagar. Nú er kominn tími til að panta sér skógarplöntur frá Skógræktarfélagi. Árneseinga hjá Þórunni í síma 486 3342 fyrir 8. apríl nk. ég bið ykkur endilega að virða þessi tímamörk. Sjáumst sem flest.

Stjórnin

Stefnt er að því að Áveitan berist sveitungum í pósti fyrsta virka dag í hverjum mánuði og er því góð regla að efni sem birta á sé komið til ristjórnar eigi síðar en 5 dögum fyrir fyrsta dag næsta mánaðar. Ristjórn óskar eftir að efni berist á tölvutæku formi ef því er viðkomið á neðangreind netföng, eins er hægt að hafa samband við ristjóra í þau símanúmer sem hér eru uppgefin. Meðfylgjandi þessu hefti Áveitunnar fylgir rúkkunarbeiðni til áskrifenda utan Flóahrepps., 1000 kr. Eru hlutaðeigandi vinsamlegast beðnir að greiða seðilin fyrir næstu mánaðarmót.

Með kveðju, ristjórn Áveitunnar.

Baldur Gauti Tryggvason	Víðivöllum 4	ballroq@hotmail.com	8673538
Fanney Ólafsdóttir	Hurðarbaki	fanneyo@visir.is	8924155
Stefán Geirsson	Gerðum	stegeir@hotmail.com	8676907

Fréttir frá Krakkaborg

Komið þið sæl og blessuð,

Sólin er farin að hækka á lofti og styttist í vorið og að fuglarnir fari að syngja fyrir okkur. Af okkur í Krakkaborg er allt gott að fréttu og fer senn að líða að vorverkunum sem við hugsum um með tilhlökkun. Kalt hefur verið í veðri en höfum við samt notið útiverunnar í okkar glæsilega garði og verið mikið úti að



leika okkur. Við í leikskólanum höfum einnig gert margt annað skemmtilegt og má þar nefna að við búum svo vel að því að hafa salinn í Þingborg hér í göngufæri við okkur og þangað förum við reglulega. Þar eru lagðar áherslur ýmist á stöðvaþjálfun, leiki eða frjálsar íþróttir. Annars erum við farin að huga að páskunum og er margt skemmtilegt gert í tilefni af þeim. Ef einhverjir búa svo vel að eiga tóma eggjabakka þá bið ég þá að hugsa til okkar því þeir koma vel að notum í páskaföndrinu. Þess má til gamans geta að í síðasta mánuði var keyptur nýr ofn í leikskólann og eins og sést á myndinni var mikil gleði hjá fólkinu í eldhúsi Krakkaborgar þegar nýi ofninn var tekinn í notkun. Þau Jeffrey og Rebekka töfrðu að vanda fram góðgæti sem kitluðu bragðlauka allra.

Að lokum vil ég benda á að við höfum fengið annað símanúmer sem er beint inn á deildir en það er er 482 3095. Gamla númerið 482 3085 er enn notkun en það númer er beint símanúmer inn til leikskólastjóra og skrifstofu starfsmanna.

Með bestu kveðjum,
Fanney H. Kristjánsdóttir, leikskólastjóri.
leikskoli@floahreppur.is, sími 482 3085

Frá Flóaskóla

Þegar þetta er ritað standa æfingar fyrir árs hátíð Flóaskóla sem hæst. Nemendur munu setja stytta útgáfu af Kardimommubænum á svið í Félagslundi fimmtudagskvöldið 2. apríl. Dagskráin verður prýdd fleiri góðum atriðum, en nemendur í 7. bekk munu án efa heilla áhorfendur með stuttu tónlistaratriði. Auk þess ætla nemendur í 7. bekk að selja nýútgefið skólابلað sitt á kr. 500 og nemendur í 4.-5. bekk ætla að nota tækifærið og halda tombólu til styrktar ABC barnahjálpa. Að venju eru sveitungar boðnir velkomnir á árs hátíðina.

Sveinn Orri Einarsson frá Egilsstaðakoti fékk sérstaka viðurkenningu á Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í Árnesi snemma í mars, en viðurkenningin var fyrir frábæra túlkun á ljóði og texta. Einar Víglundur Kristjánsson frá Vatnsholti stóð sig einnig mjög vel og erum við mjög stolt af frammistöðu þeirra.

Í mars tóku nemendur þátt í Norræna skólahláupinu og 16 nemendur úr 5.-7. bekk tóku þátt í Skólahláupi HSK á Laugarvatni. Við fengum einnig heimsókn frá tónlistarfólki á vegum “Tónlist fyrir alla” en þau kynntu okkur fjölmörg ólík blásturshljóðfæri og harmonikkur.

Nýlega fjölgaði í Flóaskólahópnum þegar einn nemandi bættist við í 7. bekk. Auk þess réðum við nýjan starfsmann til skólans til að hjálpa okkur fram að skólaslitum í maí en það er Rúnar Hjálmarsson frá Langsstöðum. Rúnar mun sinna starfi stuðningsfulltrúa auk þess sem hann leysir af í skólavistun, en Anika sem þar hefur starfað er farin í fæðingarorlof.

Sjálfbóðaliðum við skólann hefur fjölgað og erum við himinlifandi með það hversu margir hafa glatt okkur með nærveru sinni og hjálpað okkur með óeigingjörnu vinnuframlagi sínu. Þeir sjálfbóðaliðar sem hafa starfað við skólann í vetur eru Halla í Kolsholti, Stína í Ferjunesi, Geir Baldursson og Hjördís, Elfa í Vatnsholti og Sólveig á Skúfslæk. Kærar þakkir fyrir ómetanlega aðstoð!

Páskaleyfi hefst 3. apríl og kennsla hefst aftur að því loknu þriðjudaginn 14. apríl. Það verður nóg framundan í vor en auk hefðbundins skólastarfs munu nemendur í 6.-7. bekk fara til vikudvalar í Skólalabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði.

Undirbúningur næsta skólaárs stendur nú sem hæst. Það eru

Frá Umf. Baldri

Vorfundur UMF Baldurs

Vorfundur UMF Baldurs verður haldinn þann 20. maí næstkomandi. Nánar auglýst í næsta blaði.

Hestamannakaffi Umf. Baldurs

Nú er komið að því!!

Hestamannakaffi Umf. Baldurs verður haldið í Þingborg fimmtudaginn **23. apríl** næstkomandi. Nú er um að gera að mæta í kaffi og sýna þá gæðinga sem fólk hefur alið í vetur og monta sig aðeins. Húsið opnar kl **14:00** og **stendur kaffið til 17:00**. Allir eru hvattir til að mætta á hvaða fararskjótum sem er!!

Ath. Kæru sveitungar, undanfarin ár höfum við haft þann háttinn á að óska eftir bakkelsi frá góðviljugum konum, jafnvel körlum í sveitinni. Ekki ætlum við að hringja á bæi en þeir sem vilja leggja okkur lið eru vinsamlegast beðnir um að koma með kökur, eða hvað sem er, í Þingborg fyrir klukkan 12:00 sama dag og kaffið er.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

Páskahretinu hefur slotað

Nú er sýningum á Páskahreti lokið og óhætt er að segja að leikritið hafi fengið mjög góðar viðtökur gesta. Sýningar urðu alls 9 talsins og um 550 manns komu og sáu leikritið. Leikhópurinn lenti reyndar í alvöru hremmingum, en fresta þurfti einni sýningu vegna þess að ljósaborð ákvað að gefa upp öndina rétt fyrir sýningu. Allt er þó gott sem endar vel og tókst að forrita nýtt ljósaborð í tíma og héldu sýningar áfram eins og áætlað var eftir það.

Þetta er í þriðja sinn á síðustu árum sem ungmennafélögin setja á svið leikverk og hefur samstarfið gengið mjög vel. Mikil vinna var lögð í uppsetningu á Páskahreti og vilja ungmennafélögin þakka öllum þeim sem studdu og aðstoðuðu okkur við þetta verkefni, kærlega fyrir.

Ungmennafélögin í Flóahreppi

mjaðarjurt en af henni er nóg hér í landi Sviðugarða. Á eftir kom síðan traktor með tætara og tætti saman mjaðarjurt og mold og þá fáu steina sem í góðgætinu voru. Ekki urðu miklar vegarþætur að þessum framkvæmdum loknum; heldur slíkt ótræði af drullu að ekki hefur slíkt áður sést. Þannig stóð nú um stund og urðu þá ýmsir til að kvarta við Vegagerðina og leiddust henni að lokum kvartanir; tóku þeir þá sig til og báru í veginn hreint efni en ekki var það nú þykkara en 2,5 sentimetrar og sér þess nú lítinn stað í dag.

Svo er það nú slitlagið á Gaulverjabæjarveginum það er að segja kaflann frá læknum við Bár niður að Holtstvegi, en það er nú allt að tæstast upp, enda varla annars von vegna allrar þeirrar drullu er þar fôr undir. Þegar vegur er gerður undir bundið slitlag eru sett í hann fjögur lög; fyrst fylling og er hún þeirra lélegust en má þó ekki vera verri en svo að hún beri ekki tæki þau er vinna við verkið. Næst kemur svo neðra burðarlag síðan efra burðarlag og að síðustu slitlag. Nú var það þannig við þessar vegafarmkvæmdir að fyllingunni var ekið úr Súluholti en þar er að finna besta efnið til vegagerðar hér um slóðir; neðra burðarlagið var drullumengað efni úr Rútsstaðahrauni; efra burðarlagið kom svo úr Súluholtsnámu en það var greinilega blandað einhverjum óhreinindum svo að viðloðunin við slitlagið hefir greinilega ekki verið góð.

Þannig er nú það að ég held að vegarkafli þessi hafi hreinlega unninn verið á hvolfi.

Þórdís talar í áðunefndri grein um veginn frá Skógsnesi niður í Parta en honum hefi ég heyrt að Gunnar á Sýrlæk hafi ýtt upp árið 1947. Síðan er það árið 1973 að til stóð að gera hann bílfærann. Það haust átti að senda mig með ýtu í veg þennann en það var á síðustu stundu blásið af vegna þess að hreppsnefnd Gaulverjabæjarhrepps óskaði eftir því að fjárveitingin yrði sett í aðra vegi í hreppnum, sem þá voru jafnvel enn verri en í dag og var svo gert. Síðatliðið vor jafnaði ég svo vegstæðið í landi Selparts undir kornrækt. Vonandi verður vegur þessi seinna að veruleika en þá munu margir dauðir er nú lifa.

21. 3. 2009. Sigurður Guðmundsson.

!! Ýmsir hlutir óskast !!

Ég er að leita mér að skilvindu, mjaltavélaftötu með loki (tæki þurfa ekki að fylgja) og lítilli frystigeymslu, skáp eða kistu.

Upplýsingar í síma 4863382 eða seljatun@simnet.is.
Herdís Seljatungu.

fyrirsjáanlegar töluverðar breytingar á skólahaldinu en eins og allir vita verður 8. bekk kennt við skólann á næsta skólaári í fyrsta sinn. Þetta eru spennandi tímar og krefjandi starf framundan. Útlit er fyrir að starfsmannabreytingar verði litlar en þó verður á næstunni auglýst eftir þroskaþjálfara til starfa við skólann.

Sveitungar eru hvattir til að hafa samband við okkur í skólanum hafi þeir hugmyndir eða ábendingar sem gætu nýst okkur vel í skólustarfinu. Við viljum eiga gott samstarf við ykkur.

Með vorkveðju, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.

Guðþjónustur í Hraungerðisprestakalli um páska

Skírdagur 9. apríl: Guðþjónusta í Laugardælakirkju kl. 14:00.

Páskadagur 12. apríl: Guðþjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13:30.

Annar í páskum 13. apríl: Guðþjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 13:30.

Sóknarprestur

Pistillinn

Einu sinni var... Allar góðar sögur byrja með þessum orðum svo það er best að byrjunin verði rétt. Ég ætla að segja ykkur frá því þegar ég fór niður Hvítá, núna í haust sem leið. Fyrst var farið að Drumboddsstöðum þar sem var fengin viðeigandi búnaður. Svo var farið í rútu upp fyrir Brúarhlöð þar sem byrjað var og gúmmibáturinn settur á flot. Við vorum 10 saman sem fórum, allir hálf smeykir við Hvítá því flestir þekkja ána við Selfoss. Það var góður straumur svo við urðum að róa af kappi svo við færum ekki þar sem mesti straumurinn væri, en hvernig sem við rerum þá fórum við niður eftir ánni sem fór sína leið eins og venjulega svo við komust öll með tölu úr þessari ferð.

Ég er að hugsa um að skora á Olil Amble í Syðri-Gegnishólum að skrifa næsta pistil.

Magnús Erlendsson, Vestur-Meðalholtum.

Héraðsleikar 11 ára og yngri – úrslit

Sunnudaginn 8. mars fóru fjölmargir frískir krakkar úr Flóahreppi á Héraðsleika HSK sem voru haldnir í íþróttahúsinu á Hellu. Farið var í rútu og allir voru klæddir í eins boli sem þjálfararnir Hulda og Haukur höfðu látið útbúa. Ferðin heppnaðist vel í alla staði og allir stóðu sig vel á mótinu. Hér koma úrslitin:

Stelpur 11 ára

Langstökk

3. **1,38** Hanna Kristín Ólafsdóttir UMF.Baldur

30m hlaup

2. **05,53** Hanna Kristín Ólafsdóttir UMF.Baldur

Kúluvarp

2. **5,83** Sunna Skeggjadóttir UMF.Baldur

3. **4,88** Hanna Kristín Ólafsdóttir UMF.Baldur

4. **4,10** Eyrún Gautadóttir UMF.Baldur

Hástökk

4. **1,00** Sunna Skeggjadóttir UMF.Baldur

5-6. **0,95** Hanna Kristín Ólafsdóttir UMF.Baldur

5-6. **0,95** Eyrún Gautadóttir UMF.Baldur

Strákar 11 ára

Langstökk

2. **1,94** Ægir Atlason UMF.Vaka

3. **1,93** Unnar Freyr Bjarnarson UMF.Samhygð

4. **1,91** Magnús Freyr Bárðarson UMF.Samhygð

7. **1,54** Þorgils Kári Sigurðsson UMF.Vaka

10. **1,51** Sigurður A. Jóhannesson UMF.Baldur

Hástökk

2. **1,15** Ægir Atlason UMF.Vaka

3. **1,15** Magnús Freyr Bárðarson UMF.Samhygð

8. **1,05** Hannes Höskuldsson UMF.Baldur

10. **1,05** Unnar Freyr Bjarnarson UMF.Samhygð

13. **0,95** Sigurður A. Jóhannesson UMF.Baldur

16-17. **0,95** Þorgils Kári Sigurðsson UMF.Vaka

16-17. **0,95** Þórarinn Guðni Helgason UMF.Samhygð

18. **0,90** Hólmur Höskuldsson UMF.Baldur

30 m hlaup

2. **05,22** Ægir Atlason UMF.Vaka

3. **05,28** Þorgils Kári Sigurðsson UMF.Vaka

6. **05,53** Magnús Freyr Bárðarson UMF.Samhygð

9. **05,86** Unnar Freyr Bjarnarson UMF.Samhygð

13. **06,14** Sigurður A. Jóhannesson UMF.Baldur

Kúluvarp

3. **7,56** Ægir Atlason UMF.Vaka

4. **7,09** Magnús Freyr Bárðarson UMF.Samhygð

5. **6,77** Þorgils Kári Sigurðsson UMF.Vaka

Sigurður Guðmundsson skrifar:

Fáeinir hugleiðingar um vegamál í neðanverðum Flóa.

Í síðasta tölublaði Áveitunnar skrifar Þórdís frá Skógsnesi ágæta grein um vegi hér í hinum fyrrum Gauverjabæjarhreppi, sem ég vil hér með þakka henni fyrir. Fyrst vil ég nefna orð sem hún notar í greininni sem ég held að margir hinir yngri átti sig ekki á, en það er orðið „bryggja“, sem hún notar um veginn yfir Hamarsflóðið. Þannig var að áður voru vegstubbbar sem lagðir voru yfir flóð og önnur ótræði ýmist kallaðir „bryggjur“ eða „brýr“. Í fysta sinn sem ég heyrði þetta orð um fyrirbærið var hjá afa hennar Magnúsi Öfjörð sem þá var fluttur að Gaulverjabæ, en hann var þá að tala um vegstubbinn frá kirkjunni niður hjá Vaðlakoti og kallaði hann vegstúfinn „bryggju“, sem ég þá áttaði mig illa á, fyrr en löngu síðar.

En hvað um það ekki átti þessi grein að vera um gömul orð þótt ég hafi vissulega gaman af þeim; heldur um hina vondu vegi hér um slóðir. Þórdís talar um drulluna í vegunum hér og spyr hvaðan drulla sú muni upprunnin vera. Því er nú fljótsvarað, en hún er komin úr landsvæði því sem kallað er Rútsstaðahraun. Í hrauni þessu er vel nothæft efni í vegi ef vel er að verki staðið við efnistöku, en á þeirri framkvæmd varð mikill mikill misbrestur er unnið var að verkinu. Úr hrauninu var unnið efni bæði í Gaulverjabæjarveg þegar hann var lagður slitlagi, svo og aðra vegi hér í nágrenninu, og var það allt blandað með mold svo sem Vegagerðinni hæfa þótti, en þannig er mál með vexti að henni þykir þurfa að blanda allt efni til vegagerðar með mold, en hún lýtur svo á að allt efni verði að blanda með mold til þess að binda ofaniburðinn. Ekki veit ég hvaðan þessi moldarfræði eru komin til stofnunarinnar en almenn skynsemi segir okkur að mold er þeirrar náttúru að hún rýkur burt í þurrki en verður að drullu í rigningu og er því óhæf til að binda slitlag á vegum. Af þessum sökum eru vegir hér um slóðir svo vondir; ekki vegna þess að í sé í þeim lítill burður; heldur vegna óhæfs slitlags og illrar umhirðu við heflun. Úr því mynnst er á heflun vega er ef til vill rétt að lýsa hvernig staðið er að henni hér um slóðir og vil ég taka þjóðveg nr. 312 það er að segja Vorsabæjarveg sem dæmi en hann er aðeins heflaður tvisvar á ári og er hann því eitt útskýtt holuger flesta daga ársins. Nú kemur hefillinn og strýkur yfir veginn og fer svo grunnt í yfirborðið að ekki heflast nema rétt efsta mylsnan af veginum í holurnar. Á næsta rigningardegi spýtist síðan mylsnan upp úr holunum og er þá allt orðið jafn holótt sem fyrr. Ef vel væri að verki staðið þyrfti að hefла svo djúpt að næði niður fyrir holurnar en það telur Vegagerðin örugglega of dýrt.

En síðasta haust bar nokkuð nýrra við í vegamálum hér um slóðir. Á veginn kom nefnilega sérútbúinn veghefill, en hann var þeirrar náttúru að hann gat rekið tönnuna langt niður eftir fláa vegarins. Nú fór skrípi þetta eftir vegunum og hefлаði upp á þá drullu og einn og einn stein og auk þess gras og

Fjör í Flóa

Eins og fram kom í síðustu Áveitu er nú hafinn undirbúningur vegna hátíðarinnar *“Fjör í Flóa”*. Hátíðin verður haldin í Flóahreppi dagana 5. 6. og 7. júní n.k. Markmið hennar er að íbúar Flóahrepps, jafnt núverandi sem fyrrverandi og aðrir sem áhuga hafa, geti gert sér einhvern dagamun saman í upphafi sumars. Einnig að vekja athygli á þessu sveitarfélagi, sögu þess, náttúruferjum og því mannlífi sem hér er. Sérstök áhersla er lögð á að kynna þá fjölbreyttu starfsemi sem hér fer fram og þá þjónustu sem hér er í boði. Eins og undanfarin ár eru einstaklingar og fyrirtæki hvött til þess að taka þátt í hátíðinni og kynna starfsemi sína, framleiðsluvörur eða þjónustu. Hægt er að gera það t.d. með því að hafa opið hús hjá sér þessa helgi, bjóða fólki til sín einhvern ákveðin tíma eða kynna sína starfsemi, vöru eða þjónustu í einhverju félagsheimilinu.

Ætlunin er að auglýsa hátíðina vel og kynna allt sem í boði verður með sameiginlegum auglýsingum fyrir þessa helgi. Því er mikilvægt að allir sem ætla að vera með tilkynni það til rekstrarstjórnar Félagshimilanna eða á skrifstofu Flóahrepps fyrir **8. apríl n.k.** Hægt er að hringja á símatíma skrifstofunnar sem er frá kl. 9:00 til 13:00 alla virka daga eða senda tölvupóst á póstfangið adalsteinn@floahreppur.is Einnig er hægt að fá upplýsingar um hátíðina hjá húsvörðum félagsheimilanna eða hjá undirrituðum í síma 860 7714.

Með von um góð viðbrögð.

Adalsteinn Sveinsson, formaður rekstrarstjórnar

ADALFUNDARBOD 2009

Aðalfundur skógræktardeildar Samhygðar verður haldinn föstudagskvöldið 17. apríl n.k. í Félagshundi og hefst kl. 21:00.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Önnur mál

Hvetjum félagsmenn til að mæta og bjóðum nýja félaga velkomna.

Stjórnin.

6.	6,76	Sigurður A. Jóhannesson	UMF.Baldur
7.	6,66	Hólmar Höskuldsson	UMF.Baldur
8.	6,18	Unnar Freyr Bjarnarson	UMF.Samhygð
9.	6,12	Hannes Höskuldsson	UMF.Baldur

Hnokkar 9 – 10 ára

Langstökk

4	1,83	Hannes Höskuldsson	UMF.Baldur
5	1,74	Stefán Narfi Bjarnason	UMF.Baldur
7	1,72	Hólmar Höskuldsson	UMF.Baldur
12	1,48	Alexander Ó. Kristjánsson	UMF.Vaka
13	1,47	Árni Már Ólafsson	UMF.Samhygð
15	1,38	Þórarinn Guðni Helgason	UMF.Samhygð

30 m hlaup

2.	05,30	Hólmar Höskuldsson	UMF.Baldur
6.	05,42	Hannes Höskuldsson	UMF.Baldur
11.	05,88	Stefán Narfi Bjarnason	UMF.Baldur
13-14.	06,10	Árni Már Ólafsson	UMF.Samhygð
20.	07,44	Alexander Ó. Kristjánsson	UMF.Vaka

Skutlukast

2.	12,96	Hólmar Höskuldsson	UMF.Baldur
8.	9,58	Hannes Höskuldsson	UMF.Baldur
9.	9,42	Árni Már Ólafsson	UMF.Samhygð
14.	8,25	Stefán Narfi Bjarnason	UMF.Baldur
15.	7,69	Alexander Ó. Kristjánsson	UMF.Vaka
22.	5,49	Þórarinn Guðni Helgason	UMF.Samhygð

Hnátur 9 – 10 ára

Langstökk

1.	1,89	Eyrún Gautadóttir	UMF.Baldur
3.	1,82	Sunna Skeggjadóttir	UMF.Baldur
12.	1,36	Guðbjörg María Onnoy	UMF.Samhygð
14.	1,11	Bríet Auður Baldursdóttir	UMF.Baldur
16.	1,04	Anna Sigurveig Ólafsdóttir	UMF.Vaka

Skutlukast

2.	9,58	Sunna Skeggjadóttir	UMF.Baldur
5.	7,41	Eyrún Gautadóttir	UMF.Baldur
10.	5,83	Bríet Auður Baldursdóttir	UMF.Baldur
15.	4,31	Guðbjörg María Onnoy	UMF.Samhygð
18.	2,92	Anna Sigurveig Ólafsdóttir	UMF.Vaka

30 m hlaup

3.	05,34	Sunna Skeggjadóttir	UMF.Baldur
9.	05,55	Eyrún Gautadóttir	UMF.Baldur
16.	06,27	Guðbjörg María Onnoy	UMF.Samhygð
18.	07,13	Bríet Auður Baldursdóttir	UMF.Baldur

Pollar 8 ára og yngri

30 m hlaup

3.	05,88	Dagur Fannar Einarsson	UMF.Vaka
7.	06,40	Sigurður Jefferson Bogans	UMF.Vaka
11.	06,94	Einar Árni Ólafsson	UMF.Baldur
12.	06,99	Hlynur Róbertsson	UMF.Baldur
15.	07,37	Hugi Snær Jónsson	UMF.Vaka
16.	07,42	Ágúst Gísli Heimisson	UMF.Baldur
17.	07,49	Pétur Þór Brynjólfsson	UMF.Vaka
18.	08,51	Elías Örn Jónsson	UMF.Vaka

Langstökk

1.	1,59	Sigurður Jefferson Bogans	UMF.Vaka
3.	1,57	Ágúst Gísli Heimisson	UMF.Baldur
10.	1,29	Dagur Fannar Einarsson	UMF.Vaka
12.	1,23	Hugi Snær Jónsson	UMF.Vaka
14.	1,14	Elías Örn Jónsson	UMF.Vaka
15.	1,10	Pétur Þór Brynjólfsson	UMF.Vaka

Skutlukast

5.	7,74	Dagur Fannar Einarsson	UMF.Vaka
8.	5,81	Sigurður Jefferson Bogans	UMF.Vaka
10.	5,64	Pétur Þór Brynjólfsson	UMF.Vaka
13.	5,43	Hugi Snær Jónsson	UMF.Vaka
15.	5,14	Einar Árni Ólafsson	UMF.Baldur
17.	3,97	Hlynur Róbertsson	UMF.Baldur
18.	3,92	Ágúst Gísli Heimisson	UMF.Baldur
19.	2,73	Elías Örn Jónsson	UMF.Vaka

Pæjur 8 ára og yngri

Skutlukast

9.	3,47	Sigurbjörg Eva Ernudóttir	UMF.Vaka
10.	3,29	Kolbrún Katla Jónsdóttir	UMF.Vaka
14.	2,57	Klara Sól Ólafsdóttir	UMF.Vaka
15.	2,26	Ingibjörg Jóhannesdóttir	UMF.Baldur
16.	2,23	Elizabeth Karen Bogans	UMF.Vaka

30 m hlaup

11.	06,72	Kolbrún Katla Jónsdóttir	UMF.Vaka
14.	06,93	Sigurbjörg Eva Ernudóttir	UMF.Vaka
17.	07,32	Ingibjörg Jóhannesdóttir	UMF.Baldur
18.	07,87	Klara Sól Ólafsdóttir	UMF.Vaka
19.	08,14	Elizabeth Karen Bogans	UMF.Vaka

Langstökk

5.	1,28	Ingibjörg Jóhannesdóttir	UMF.Baldur
14.	1,11	Sigurbjörg Eva Ernudóttir	UMF.Vaka
15.	1,09	Kolbrún Katla Jónsdóttir	UMF.Vaka
16.	1,07	Elizabeth Karen Bogans	UMF.Vaka
18.	0,89	Klara Sól Ólafsdóttir	UMF.Vaka

Flóðgáttin

„Hæg eru heimatökin,“ gæti verið yfirskriftin á þessari jómfrúaropnun Flóðgáttarinnar sem verður mánðarlegur vísnaðalkur hér á síðum Áveitunnar. Umsjónarmaður leitaði að þessu sinni í smiðju föður síns Geirs bónda Ágústssonar í Gerðum, sem hefur, að eigin sögn, „gaman af að bulla fram vísu.“ Umsjónarmaður hefur oft á tíðum orðið var við þessa listiðkun Geirs, þá einkanlega við mjaltir. Geir birtir hér þrjár vísur og er sú fyrsta ort í tilefni af opnun Flóðgáttarinnar hér.

Um Flóann lágan flæðir enn,
frjóí vökvinn kunni.
Í Flóðgáttinni Flóamenn,
fá vísnaþátt í Áveitunni.

Önnur vísan varð til hjá bóndanum að tilefni skrifa Þórdísar frá Skógsnesi í síðustu Áveitu um vegamál hér í gamla Gaulverjabæjarhreppi.

Vegir eru vondir enn
og verður svo að vera.
Vegagerðar valdamenn
vilja ekkert gera.

Lokavísan varð til hjá Geir eftir að Flóahreppur kynnti hér nýtt skipulag í sorphirðumálum sem hreppsúar ættu nú að þekkja.

Flóahreppur af flottheitunum kunnur
fýlan horfin af hverjum bæ.
Nú eru gráar, brúnar og grænar tunnur
og gámar fyrir hræ.

Nú er Flóðgáttin opin fyrir vísnaverðarmenn og konur í lesendahóp Áveitunnar að senda inn sínar yrkingar. Gaman væri að fólk gerði að yrkisefni það sem hæst ber í sveitinni hverju sinni eða þjóðlífinu en þó frekar í góðlátlegum tón ef kostur er.

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com